

Haraldur Birgir Haraldsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþingi ytra
Suðurlandsvegi 1-3
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

AFRIT

Reykjavík, 19. ágúst 2014
Tilvísun: UST20140700127/ksj

Tillaga að breytingu á aðalskipulag Rangárþings ytra 2010 - 2022. Stækkun á verslunar- og þjónustusvæði á Rangárflötum, Rangárþingi ytra


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 16. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010 - 2022.


Breyting aðalskipulags

Ofangreind tillaga að breytingu felur í sér að vegna byggingar hótels á verslunar- og þjónustusvæðinu Þ6 verður svæðið stækkað til suðurs. Breyting í greinargerð verður því þannig að felldur er út eftirfarandi texti: *Gert er ráð fyrir bensínstöð og veitingaaðstöðu sunnan Suðurlandsvegjar sem myndi þjóna vegfarendum og starfsemi á Gaddastaðflötum. Heildarstærð svæðisins er tæpir 3 ha.* Í staðinn verður texti í greinargerð eftirfarandi: *Gert er ráð fyrir þjónustulóðum sunnan Suðurlandsvegjar sem þjóna vegfarendum og starfsemi á Gaddastaðflötum. Heildarstærð verslunar- og þjónustusvæðis er rúmír 8 ha.* Fellt er út opið svæði til sérstakra nota 05, bæði af uppdrætti og úr greinargerð. Breytingar verða á legu vega innan ofangreinds verslunar- og þjónustusvæðis og göngu- og reiðleiðir eru aðlagðar að breytingartillögunni. Ofangreint opið svæði var áður nýtt sem tjaldstæði, en fram kemur í greinargerð að nægilegt rými er fyrir tjaldstæði þrátt fyrir breytinguna.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda breytingartillögu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri